

— *Brjef landshöfðingja til bœjarfógetans í Reykjavík um endurgjald á brennivínstelli.* — Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum syrir Ísland raunsóknargjörðir herra bœjarfógetans frá 29. nóvbr. og 1. desbr. f. á, um leka á 374 pottum brennivins úr 7 ánum, er kaupmaður E. Siemsen í Reykjavík hafði meðtekið með póstskipinu í síðustu ferð þess í fyrra — hefir ráðgjafinn 13. f. m. samþykkt, að nefndum kaupmanni verði endurgoldinn tollur sá, sem hann hefir greitt syrir tjeð brennivín, með 62 kr. 33 aur.

63
13. júní.

Þetta er hjér með tjáð yður, herra bœjarfógeti, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirlvaldanna um stjórn læknasjóðsins.* — Ráðgjafinn syrir Ísland hefir 26. f. m. samkvæmt tillögum mínum samþykkt, að stjórn á eignum bins íslenzka læknasjóðs leggist undir landshöfðingja, að tekjurnar af spítalagjaldi því, er sjóðnum ber og af jördum hans verði af hlutaðeigandi gjaldheimtumönnum greiddar beinlínis í jarðabókarsjóðinn — en reikningana skal senda landshöfðingja til að afhendast hlutaðeigandi endurskoðunarmanni, og að gjöld þau, er hvila á sjóðnum, greiðist beinlínis úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt nánari skipun landshöfðingja; og öðlast breytingar þessar gildi 1. júlí þ. á.

64
14. júní.

Jafnframt því að tilkynna þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að stiptsyfirlödin blutist til um, að fjármunir læknasjóðsins verði afhentir mjer næstkomandi 1. júlí með reikningslegu yfirliti yfir tekjur og gjöld sjóðsins frá því að síðasti ársreikningur var gjörður, og tjái öllum gjaldheimtumönnum nauðsynlegar fyrirskipanir um að senda eptirleidís landshöfðingja reikninga sína og að greiða gjöldin beinlínis í jarðabókarsjóðinn. Loksins vona jeg, að öllum skuldunautum sjóðsins verði tilkynnt, að þeir eigi eptirleidís að greiða í jarðabókarsjóðinn bæði vexti og borgun upp í höfuðstól.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirlvaldanna um styrk handa stúdentum við háskólanum í Kaupmannahöfn.* — Eptir að ráðgjafinn syrir kirkju og kennslumál ríkisins og ráðgjafinn syrir Ísland höfðu skrifsaft á um það, var meðal athugasemdanna við 1. útgjaldagrein «kommunitetsins» í frumvarpinu til fjárlaga syrir 1876—77 gjörð tillaga um, að leyft verði að verja þeim 800 kr., er veittar eru stúdentum, sem hafa forgangsrjett til styrks, en eru umfram bina vanalegu tölu, (sbr. 2. gr. reglugjörðar 11. febr. 1848), þannig, að upphæð þessi yrði höfð í ölmusur, einnig handa íslenzkum stúdentum, er 1. töluliður 4. gr. reglugjörðarinnar yrði eigi heimstærður til, en samt væri sjerstök ástœða til að veita súikan styrk, (og getur nefndur greinarliður að eins um stúdentá þá, sem koma til háskólans, undir eins og þeir hafa leyst af hendi burtfararpróf við hinn lærða skóla Reykjavíkur). Þetta mun eptir því, er ráðgjafinn syrir kirkju og kennslustjórnina hefir skýrt frá, nú geta átt sjer stað, þar sem ekki hefir verið fundið neitt að þessum athugasemendum, þá er fjárlögin voru reðd á ríkisþinginu.

65
14. júní

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna þetta samkvæmt brjesi ráðgjafans syrir Ísland frá 27. f. m. til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg mælast til þess, að stiptsyfirlödin leggi syrir forstöðumann hins lærða skóla í Reykjavík, að tjá á hverju ári lærisveinum þeim, er leyst hafa af hendi burtfararpróf, að, eins og bent var á, forgangs-rjettur sá, sem veittur er hinum íslenzku stúdentum með 1. lið 4. gr. reglugjörðarinnar